

Jafnréttisáætlun Smáraskóla

Jafnréttisáætlun Smáraskóla tekur annars vegar til starfsmanna og hins vegar til nemenda. Hún grundvallast á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem og jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar.

Skólastjórnendur bera ábyrgð á því að jafnréttisstefnunni sé framfylgt og að hún sé kynnt starfsfólki á hverju skólaári. Öll starfsemi skólans skal taka mið af jafnréttisáætluninni, hvort sem um er að ræða nám og kennslu, stefnumótun, stjórnun, ákvarðanir og áætlanir.

Starfsmenn

Laus störf

Úr 18. gr. jafnréttislaga:

Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Úr 20. gr. jafnréttislaga:

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Markmið:

Laus störf við Smáraskóla skulu standa bæði konum og körlum til boða. Leitast skal við að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum. Við ráðningu skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er eftir að öðru jöfnu ganga fyrir ef um jafnhæfa einstaklinga er að ræða. Í auglýsingum skulu karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um og skulu auglýsingarnar höfða til beggja kynja.

Starfsþjálfun og endurmenntun:

Úr 20. gr. jafnréttislaga:

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Markmið:

Konum og körlum sem vinna sambærileg störf í Smáraskóla skal til jafns standa til boða starfsþjálfun og endurmenntun.

Við gerð símenntunaráætlunar skólans skal gæta þess að kynjum sé ekki mismunað og að sömu tækifæri standi báðum kynjum til boða.

Laun:

Úr 19. gr. jafnréttislaga:

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Markmið:

Konur og karlar skulu fá sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sömu störf.

Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði og vinna að því að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós. Gæta skal þess að tilboð um yfirvinnu eða launuð sérverkefni standi körlum jafnt sem konum til boða.

Samræming starfs og einkalífs

Úr 21. gr. jafnréttislaga:

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Markmið:

Starfsfólki Smáraskóla af báðum kynjum skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og að gott jafnvægi sé þar á milli. Gera skal starfsfólki af báðum kynjum kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum barna, maka eða foreldra. Ekki skal líta á það sem mismunun að tekið sé tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar. Karlar skulu hvattir til að nýta sér rétt til feðraorlofs til fulls.

Áreitni og einelti

Úr 22. gr. jafnréttislaga:

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Markmið:

Starfsfólk Smáraskóla skal ekki verða fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.

Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynferðislega áreitni eða einelti. Ábendingum um slíkt skal samstundis beint til skólastjórnenda, sem bera ábyrgð á að skólinn bregðist við.

Ef stjórnandi er aðili að máli er varðar ætlað kynbundið ofbeldi/áreitni, kynferðislega áreitni eða einelti, leitar þolandi eða aðrir þeir aðilar sem hafa vitneskju um málið, til yfirmanna á menntasviði Kópavogsbæjar eða eftir atvikum til eineltisteymis bæjarins.

Nemendur

Jafnréttisfræðsla

Úr 23. gr. jafnréttislaga:

Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Markmið:

Nemendur Smáraskóla skulu eiga kost á jafnréttisfræðslu á öllum stigum skólans.

Í skólanámskrá er greint frá því hvernig unnið er með hina sex grunnþætti menntunar, þar með talið jafnrétti, í einstökum námsgreinum og í hverjum árgangi. Jafnréttisfræðsla fellur undir kennslu í samfélagsgreinum, lífsleikni og íslensku, sem og öðrum námsgreinum eftir því sem við á hverju sinni. Leitast er við að nýta tilboð utanaðkomandi aðila um hvers konar jafnréttisfræðslu, hvort sem um er að ræða jafnrétti kynja eða á grundvelli kynhneigðar, uppruna, aldurs eða með tilliti til fötlunar.

Námsgögn

Úr 23. gr. jafnréttislaga:

Gæta skal þess sérstaklega að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjunum sé ekki mismunað.

Markmið:

Í Smáraskóla skal ekki notast við námsgögn sem styðja við neins konar mismunun.

Við val á kennslu- og námsgögnum skulu kennarar ætíð gæta þess að efnið sýni ekki staðlaðar kynjaímyndir eða mismunun kynjanna að neinu leyti. Kennarar skulu einnig gæta þess að í námsefni sé ekki hallað á einstaklinga eða hópa á grundvelli þjóðernisuppruna, kynhneigðar, aldurs né fötlunar.

Náms- og starfsfræðsla

Úr 23. gr. jafnréttislaga:

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Markmið:

Nemendur í Smáraskóla skulu kynnast öðrum og fleiri störfum en þeim sem hefð hefur verið að líta á sem eðlilega framtíðarmöguleika í ljósi kyns nemendanna.

Námsráðgjafi ber ábyrgð á starfskynningum og hefur í Smáraskóla orðið til sú hefð að drengir fari í starfskynningar á leikskóla og stúlkur heimsæki hátæknifyrirtæki.

Áreitni og einelti

Úr 22. gr. jafnréttislaga:

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir [kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni] ¹⁾ á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna [ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni] ¹⁾ verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Markmið:

Nemendur Smáraskóla skulu ekki verða fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum né í félagsstarfi á vegum skólans.

Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynferðislega áreitni eða einelti. Ábendingum um slíkt skal samstundis beint til skólastjórnenda, sem bera ábyrgð á að skólinn bregðist við.

Ef stjórnandi er aðili að máli er varðar ætlað kynbundið ofbeldi/áreitni, kynferðislega áreitni eða einelti, leitar þolandi og/eða aðrir þeir aðilar sem hafa vitneskju um málið, til yfirmanna á menntasviði Kópavogsbæjar eða eftir atvikum til eineltisteymis bæjarins.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á því að nemendur hljóti fræðslu um kynbundna og kynferðislega áreitni og að nemendur séu meðvitaðir um hvert þeir geti leitað komi slík áreitni upp.

Samskipti við foreldra

Markmið:

Starfsfólk Smáraskóla skal leitast við að eiga samskipti við báða foreldra/forráðamenn nemenda þegar því verður komið við. Forðast skal að líta á samskipti við skóla sem verksvið móður.

Tekin eru saman gögn að loknum foreldraviðtölum, þar sem umsjónarkennarar skrá hvort feður, mæður eða báðir foreldra komi í viðtölin. Unnið er úr gögnunum og ef tilefni er til er leitað leiða til þess að tryggja sem jafnasta aðkomu foreldra að viðtölunum.